

Nd.

468. Lög

um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

1. gr.

Bú Síldareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanevnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar. Skilanevnd kemur í stað stjórnar einkasölu, og hefir samskonar vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldprotaskipti á búi einkasölu, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennar eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldprotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldprotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanevnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óseltrar síldar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt, og má í reglugerð þessari víkja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasölu gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Síld sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörslum einkasölu til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á síldinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölu óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merking þeirrar

sildar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar sildar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölnunnar í sambandi við samninga um sölu á sild, sem gerðir hafa verið af einkasölnunni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilaneftndar til 1. maí 1932.

Að því er til þeirrar sildar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda að svo miklu leyti, sem samrímánlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnumálaráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilaneftndarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum búsins, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild, svo og lög nr. 60, 9. sept. 1931, um breyting á þeim lögum.